



Endurskoðun tímaraða þjóðhagsreikninga 1995-2024

Benchmark revision of national accounts 1995-2024

Samantekt

Samhliða birtingu þjóðhagsreikninga fyrir fyrsta ársfjórðung 2025 birtir Hagstofa Íslands niðurstöður heildarendurskoðunar tímaraða þjóðhagsreikninga (e. benchmark revision). Endurskoðunin er í samræmi við [samþykktu stefnu og leiðbeiningar Hagstofu Evrópusambandsins](#) (Eurostat) um reglulegar heildarendurskoðanir þjóðhagsreikninga og samræmda tímasetningu þeirra. Slíkar endurskoðanir eru framkvæmdar að lágmarki á fimm ára fresti og miða þær að því að innleiða nýjar aðferðir, bæta gögn og tryggja samræmi við alþjóðlega staðla. Slíkar endurskoðanir gera Hagstofu Íslands kleift að taka inn nýjar gagnaheimildir og breyttar aðferðir við gerð þjóðhagsreikninga með það að markmiði að viðhalda og styrkja gæði niðurstaðna.

Í þessari greinargerð verður gerð nánari útlistun á helstu atriðum endurskoðunarinnar og áhrifum þeirra á landsframleiðslu. Endurskoðunin hefur að þessu sinni mest áhrif á áður útgefnar tölur eftir 2011 en í einhverjum tilfellum eru tímaraðir uppfærðar aftur til 1995. Endurskoðun hefur bæði áhrif til hækkunar og lækkunar á magnbreytingu landsframleiðslunnar eftir árum.


Samhliða uppfærslu á tímaröðum hefur einnig verið uppfært viðmiðunarár fasts verðlags og tölur nú birtar á föstu verðlagi ársins 2020 í stað 2015 eins og verið hefur frá árinu 2020.

MYND 1

Mismunur á endurskoðuðum og áður birtum tölum 2005-2024

Verg landsframleiðsla, magnbreyting frá fyrra ári %

■ Endurskoðun ■ Áður birt



Óbeint mæld fjármálaþjónusta (FISIM)

Óbeint mæld fjármálaþjónusta hefur verið endurskoðuð aftur til 2010 þar sem helstu breytingar eru að meðalvextir inn- og útlána sem liggja til grundvallar útreikningum hafa verið uppfærðir. Jafnframt hefur aðferðafræði varðandi niðurfærslu lánastokka verið endurskoðuð og er nú í beinu samræmi við staðla þjóðhagsreikninga, ESA2010. Endurskoðun á aðferðafræði og forsendum sem liggja til grundvallar útreikningum á FISIM hafa mest áhrif á útreikning landsframleiðslunnar í gegnum einkaneyslu en minni áhrif á samneyslu og þjónustuviðskipti við útlönd.

Uppfærðir meðalvextir

Við útreikning á FISIM hefur verið stuðst við útgefna meðalvexti á inn- og útlánum fengna frá Seðlabanka Íslands. Ljóst varð eftir að vaxtahækkunarferli Seðlabanka hófst um mitt ár 2021 að þessir vextir endurspegluðu ekki raunverulega meðalvexti á markaði. Hagstofa Íslands hefur nú fengið uppfærð gögn frá Seðlabanka Íslands um meðalvexti inn- og útlána í bankakerfinu aftur til ársins 2015 og hafa útreikningar á óbeint mældri fjármálaþjónustu verið uppfærðir með nýjum og betri gögnum. Þessi breyting hefur mest áhrif á landsframleiðsluna í gegnum einkaneyslu frá og með þriðja ársfjórðungi 2022.

Endurskoðuð aðferðafræði varðandi niðurfærslu lánastokka

Samkvæmt þjóðhagsreikningastaðli, ESA2010, málsg. 7.99 - 7.108, skal ekki færa niður útlánastokka vegna niðurfærsla fyrr en lán hafa verið afskrifuð að fullu. Aðferðafræðin hefur verið uppfærð í samræmi við þetta svo niðurfærslur eru ekki lengur dregnar frá útlánastokkum. Tryggir þessi breyting samræmi við evrópska hagskýrslustaðla. Breytingin hefur áhrif til hækkunar á alla undirliði landsframleiðslu, að undanskildum innflutningi, þar sem hærri útlánastokkar leiða til aukinna vaxtatekna og þar með hærri framleiðslu.

Staðvirðing þjónustuviðskipta við útlönd

Vísitölur sem notaðar eru við staðvirðingu þjónustuviðskipta hafa verið endurskoðaðar. Samgönguliður þjónustuviðskipta (bæði inn- og útflutningur) var áður staðvirtur með VNV í OECD ríkjum. Eftir breytinguna er notast við mismunandi vísitölur fyrir inn- og útflutning og eru vísitölurnar margfeldi sértækra verð- og gengisvísitalna.

Verðvísitölurnar eru vegin meðaltöl VNV í helstu viðskiptalöndum Íslands þar sem vogirnar eru þær vogir sem Seðlabankinn fellir undir þrönga þjónustuviðskiptavog (innflutningsvog fyrir innflutta þjónustu og útflutningsvog fyrir útflutta þjónustu). Gengisvísitölurnar eru svo vegin meðaltöl gengis þeirra gjaldmiðla sem notast er við í helstu viðskiptalöndum Íslands þar sem vogirnar eru þær sömu og fyrir verðvísitölurnar.

Ofangreindar vísitölur eru einnig notaðar fyrir liðinn *Önnur þjónusta* sem var áður staðvirtur með VNV í OECD-ríkjum

Ferðalagaliður þjónustuviðskipta var staðvirtur annars vegar með vísitölu neysliverðs án húsnæðis (útflutningur) og hins vegar með fyrrnefndri OECD-vísitölu (innflutningur). Eftir breytinguna eru innflutt ferðalög staðvirt með sömu vísitölu og ferðalagaliður einkaneyslunnar. Þá eru útflutt ferðalög staðvirt með vegnu meðaltali tiltekinnna undirliða vísitölu neysliverðs þar sem vogirnar ráðast af vægi mismunandi útgjaldaliða hjá erlendum ferðamönnum á Íslandi (skv. ferðaþjónustureikningum) fyrir síðustu tvö árin á undan því ári sem vísitalan á að ná yfir (t.a.m. ráðast vogir ársins 2025 af útgjaldavogum 2023 og 2024).

Nýjar vísitölur til staðvirðingar þjónustuviðskipta hafa verið birtar á vef Hagstofu Íslands og munu framvegis vera uppfærðar samhliða ársfjórðungslegum birtingum þjóðhagsreikninga.

Einkaneysla

Vísitölur til staðvirðingar þjónustuviðskipta hafa nokkur áhrif á endurskoðun einkaneyslu en þar hafa gögn verið uppfærð í samræmi við nýja vísitölu aftur til ársins 2011. Jafnframt hefur endurskoðun á óbeint mældri fjármálaþjónustu (FISIM) töluverð áhrif á einkaneyslu til lækkunar, mest frá þriðja ársfjórðungi 2022.

Í kjölfar þess að tollurinn tók um nýtt samræmt tollakerfi, SAD (Single Administrative Document) olli það því að gögn um aðflutningsgjöld sem lögð voru á einstaka vörur skiluðu sér ekki á réttan hátt til hagstofunnar. Á tímabili, frá árinu 2019 til og með árinu 2023 var umfang aðflutningsgjalda í einkaneyslu að hluta til áætlað en nú hefur tímaröðin verið uppfærð með raungögnum.

Aðrar breytingar á einkaneyslu upplýsingar um kaup á rafrænni þjónustu hafa verið endurskoðuð aftur til 2009 byggt á betri gögnum. Við mat á einkaneyslu er nú einnig bætt við upplýsingum um netsölu áfengis og sölu á rafretum og nikótínþúðum. Jafnframt hafa verið gerðar umbætur á vinnsluferli við mat á ólöglegri starfsemi með nýjum gögnum og hefur sá liður innan einkaneyslunnar verið uppfærður aftur til 2020.

Í þessari endurskoðun er nú einnig tekið tillit til hrakvirðis bifreiða við mat á útgjöldum heimila til kaupa á bifreiðum. Gögn hafa verið uppfærð aftur til 2008 þar sem tekið er tillit til hrakvirðis.

Við mat á ýmsum undirliðum einkaneyslunnar er stuðst við veltu samkvæmt virðisaukaskattskýrslum. Þau gögn hafa verið notuð til að gera umbætur á ýmsum undirliðum einkaneyslu.

Fjármunamyndun


Helstu breytingar sem gerðar hafa verið á fjármunamyndun tengjast því að fjármunamyndun hins opinbera hefur verið uppfærð með gögnum um uppbyggingu á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Þrátt fyrir að uppbyggingin sé að hluta fjármögnuð af Bandaríkjunum og mannvirkjasjóði NATO er ljóst að Íslenska ríkið er eigandi að þessum eignum og ber því að færa þessa uppbyggingu sem fjármunamyndun á vegum hins opinbera. Í heild eru nú færðir inn tæpir 17 milljarðar á verðlagi hvers árs sem dreifast yfir tímabilið 2018-2024.

Jafnframt hefur fjármunamyndun sveitarfélaga verið uppfærð aftur til 2013 með ítarlegri gögnum. Greining á fjármunamyndun getur verið flókin og er misvel skráð eftir sveitarfélögum. Við mat á fjármunamyndun blandast gatnagerðagjöld, fjármagnstilfærslur frá ríki til sveitarfélaga og endurmat varanlegra rekstrarfjármuna. Aftur til 2013 verður þessi endurskoðun bæði til hækkunar og lækkunar á fjármunamyndun sveitarfélaga, mismunandi eftir árum.

MYND 2

Áhrif endurskoðunar á fjármunamyndun sveitarfélaga 2013-2024

Milljónir króna á verðlagi hvers árs



Samneysla


Í kjölfar ábendinga frá Eurostat hefur aðferðafræði við afskriftir á fjármunaeign hins opinbera verið endurskoðuð. Fylgt er aðferðafræði sem byggir á niðurstöðum [skýrslu](#) sem sérfræðihópur á vegum Eurostat vann að. Líftími eigna hefur verið endurmetinn og hlutfall afskrifta hækkað til samræmis, þannig hækkar afskriftahlutfall mannvirkja úr 2,5% í 4,5% og afskriftir vega úr 3% í 4,5%. Þessi breytta aðferðafræði hefur eðli málsins samkvæmt töluverð áhrif á samneyslu á verðlagi hvers árs en tímaraðir hafa verið endurskoðaðar aftur til 1995.

Í þessari endurskoðun hefur breyting á líftíma eigna mest áhrif á samneysluna en jafnframt hefur tegundaflokkun útgjalda hins opinbera verið endurskoðuð í ljósi ítarlegri gagna. Í þeim tilfellum, þar sem breytt flokkun hafði áhrif á samneyslu, var það yfirleitt til lækkunar. Sem fyrr segir hefur endurskoðun á óbeint mældri fjármálþjónustu áhrif á samneyslu aftur til ársins 2010. Endurmat á FISIM hefur áhrif til lækkunar á samneyslu á verðlagi hvers árs. Endurskoðunin á útgjöldum hins opinbera til samneyslu hefur lítil áhrif á magnbreytingu samneyslu á milli ára og hverfandi áhrif á magnbreytingu landsframleiðslu.

MYND 3

Áhrif endurskoðunar á samneyslu 2006-2024

Milljarðar króna á verðlagi hvers árs



Vöru- og þjónustuviðskipti við útlönd

Fyrir vöruútflutning voru gögn á árunum 2015-2020 endurskoðuð vegna upplýsinga sem áður lágu ekki fyrir um bráðabirgðaskýrslur í útflutningi, að mestu vegna útflutnings sjávarafurða. Verðmæti útflutnings á þessu árabili eykst um á bilinu frá rúmum 100 milljónum fyrir árið 2020 og til 5,8 milljarða árið 2016. Fyrir vöruinnflutning var áætlun um smygl á vörum uppfært fyrir árin 2020-2024 sem leiðir til aukningar á innflutningi auk þess sem gögn fyrir vöruinnflutning með póstsendingum eru leiðréttar fyrir árið 2023 sem hefur áhrif til samdráttar á vöruinnflutning. Mestu áhrifin á vöruinnflutning af þessum völdum koma fram á árunum 2023 þar sem vöruinnflutningur dregst saman um tæpa 1,2 milljarða og 2024 þar sem vöruinnflutningur eykst um rúma 1,2 milljarða.

Áhrif endurskoðunar FISIM á þjónustuviðskipti

Óbeint mæld fjármálþjónusta hefur verið endurmetin fyrir tímabilið 2010-2024 sem veldur ýmist aukningu eða samdrætti í útflutningi á þjónustu en samdrætti fyrir allt tímabilið í innflutningi á þjónustu. Verðmæti þjónustuútflutnings dregst mest saman um 1,7 milljarða á árinu 2014 en eykst mest um 10,9 milljarða á árinu

2016. Verðmæti þjónustuinflutnings dregst hins vegar mest saman á um 6,6 milljarða á árinu 2013 en minnst um rúmar 200 milljónir á árinu 2019.

Starfsemi fjölþjóðlegra fyrirtækjahópa

Við birtingu þjónustuviðskipta og landsframleiðslu fyrir árið 2022 í febrúar 2023 voru teknar út viðskiptafærslur í lyfjaiðnaði þar sem efasemdir voru um að þær samræmdust skilyrðum staðla þjóðhagsreikninga og utanríkisviðskipta um raunverulegar viðskiptafærslur. Nokkur óvissa hefur verið um meðferð fjölþjóðlegra fyrirtækjahópa í tölfræði um utanríkisviðskipti og þjóðhagsreikninga þar sem umsvif innri viðskipta yfir landamæri geta verið í litlu samræmi við raunveruleg umsvif í hagkerfinu, s.s. tengt fjárfestingu, fjölda starfsmanna og framleiðslu.

Nú liggja fyrir drög að uppfærðum stöðlum þjóðhagsreikninga (SNA 2025) og greiðslujafnaðar (BPM7) þar sem innleiddur verður nýr samræmdur kafli sem tekur á alþjóðaviðskiptum (e. globalisation). Tekin hefur verið ákvörðun um að fylgja strax þeim fyrirmælum sem þar er lagt upp með. Tilmæli eru um að þessar færslur skulu teknar með í tölfræði um utanríkisviðskipti og þjóðhagsreikninga en jafnframt eru tilmæli um færslurnar skulu aðgreindar sérstaklega svo unnt sé að meta áhrif þeirra á hagkerfið. Á komandi mánuðum verður unnið að endurbótum á framsetningu hagtalna um efnahagsmál þannig að hægt verði að aðgreina slíkar færslur sérstaklega.

Sú ákvörðun að taka inn þessa starfsemi verður til þess að aukning verður á útflutningi vegna notkunar á hugverkum á milli landa sem og aukning á innflutningi vegna rannsókna- og þróunarþjónustu í tengslum við áðurnefnd hugverk. Verðmæti útflutnings á þjónustu vegna þessarar endurskoðunar eykst á bilinu 16,6 milljarðar á árinu 2021 til 59,8 milljarðar á árinu 2022, á meðan verðmæti innflutnings eykst á bilinu 9,6 milljarðar á árinu 2024 til 32,6 milljarðar á árinu 2022.


Mat á birgðabreytingum

Mat á birgðabreytingum í sjávarútvegi, stóriðju og olíu hefur hingað til verið byggt á beinni gagnaöflun frá fyrirtækjum auk þess sem stuðst hefur verið við áætlanir sem byggt hafa á framleiðslutölum og gögnum um vöruviðskipti við útlönd. Tímalínur hafa nú verið endurreiknaðar aftur til ársins 2007 byggt á gögnum sem safnað hefur verið beint frá fyrirtækjum. Framvegis mun mat á birgðabreytingum nær alfarið byggja á beinni gagnaöflun frá stærstu fyrirtækjum í viðkomandi atvinnugreinum. Rétt er að geta þess að endurskoðunin hafði ekki jafn mikil áhrif árið 2024 og breytingar á gögnum gefa til kynna. Við úrvinnslu komu í ljós skekkja í grunngögnum sem liggja til grundvallar útreikningi á birgðabreytingum. Sú skekkja hefur nú verið lagfærð samhliða endurskoðun tímaraða. Þessi skekkja hafði mest áhrif á síðari hluta árs 2024.

MYND 4

Áhrif endurskoðunar á undirliði landsframleiðslu 2005-2024

Milljarðar króna á verðlagi hvers árs



Hagtíðindi Þjóðhagsreikningar

Statistical Series *National accounts*

110. árg. ♦ 5. tbl. 30. maí 2025

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Magnús Kári Bergmann ♦ Magnus.K.Bergmann@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.